

Vesturholt 19, fyrirspurn 1802382

Íris Hvanndal Skaftadóttir og Halldór Geirsson leggja inn fyrirspurn þann 23.02.2018, vegna klæðningar utanhúss á Vesturholti 19.

Umsögn:

Umsögn:

Erindið fær jákvæðar undirtektir til nánari útfærslu.

Í gögnum byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar kemur fram að húsið er aðflutt (1.hæð og rishæð) og sett á staðsteyptan kjallara. Hæðin er samsett úr steypum einingum en rishæðin er úr timbri.

Umsækjendum er bent á að huga að efnisskiptingu í klæðningu suðausturgafis í takt við byggingargerð hússins. Óskað er eftir nánari gögnum um fyrirhugaðar útlitsbreytingar á húsinu með tilliti til þess.

Sækja ber um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni. Umsókninni þarf að fylgja ný skráningartafla fyrir húseignina.

Byggingarréttur lóðarinnar er fullnýttur. Stækkun rishæðar hefur áhrif til hækkunar nýtingarhlutfalls lóðarinnar, sem skilgreindir eru í skilmálum gildandi deiliskipulags. Meta þarf, eftir umfangi stækkunar hvort lóðarhöfum ber að sækja um deiliskipulagsbreytingu. Ef aðeins er um að ræða lokun á svölum suðausturhliðar til stækkunar hússins er um lítilsháttar breytingu að ræða og deiliskipulagsbreyting óþörf.

Einnig er bent á að samþykki meðeiganda þarf fyrir framkvæmdinni (samkvæmt Þjóðskrá: Hjörtur Snær Steingrímsson).

13.3.2018

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur

Umhverfis- og skipulagsþjónusta